

Yfirskrift	Fundargerð stjórnar FFR				
Stjórnarfundur nr. 3 2015	3	Dagsetning	9. september 2015	Tími	11:30 – 13:15
Fundarstjóri	BK				
Ritari	ISS				
Mættir (fjarverandi)	BK, KLÁ, HÓS, ISS, BE, GSB, MH, (SLB). Fundinn sat einnig Tryggvi Axelsson formaður starfskjaranefndar.				
Fylgiskjöl	Einfaldara ríkiskerfi með markvissari stjórnun stofnana, apríl 2015 Tillögur starfshóps um vinnuumhverfi forstöðumanna, apríl 2012 Úrskurður Kjararáðs um laun og starfskjör skólameistara, júlí 2015				
Vistun gagna	ISS				

Fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var ekki lög fram, en send í tölvupósti á stjórn.

2. Á döfinni

BK sagði frá því að mjög mörg málefni séu á dagskrá og talsverð fundahöld og símhringingar hafi verið síðustu daga. BK og TA áttu fund með Steingími Ara Arasyni fyrrverandi formanni starfskjaranefndar um málefni nefndarinnar. Þá hittu BK samstarfshóp um nýsköpun í opinberum rekstri. Verið er að vinna dagskrá fyrir veturinn. IS gefur kost á sér í vinnu vegna nýsköpunarverðlauna 2016. Þrír fundir verða 16. september n.k.:

- Kl. 08:30 - almennur fundur í samstarfi við Stofnun stjórnsýslufræða, með fjármálaráðherra á Grand Hótel, þar sem hann talar um fjárlagafrumvarp 2016 og einnig starf nefndar sem fjallað hefur um einfaldara ríkiskerfi (sjá fylgiskjöl).
- Kl. 11:15 - fundur BK og KLÁ með formanni og frkv.stjóra Kjararáðs á Hverfisgötu 6a.
- Kl. 15:00 - fundur BK og BE með Gunnari Björnssyni og Sigurði Helgasyni í fjármálaráðuneytinu til að ræða um einfaldara ríkiskerfi. Ákveðið var BK sendi stjórn tengla á ýmis skjöl sem tengjast þessu máli.

3. Launa- og starfskjaramál

TA sagði frá því að starfskjaranefnd hafi átt fund í síðustu viku. Rætt var um umboð nefndarinnar og áherslur. BE taldi að greina þurfi á milli kjararáðs og dómsmáls. Einnig var rætt um aðferðafræði Skólameistarafélags Ísland til að ná fram endurmati hjá kjararáði fyrir sína félagsmenn og hvort hún gæti nýst FFR í heild. Niðurstaðan varð sú að skipta launa og starfskjaramálum upp í nokkur ólík atriði:

- Ljúka þarf dómsmálinu vegna leiðréttingar aftur í tímann. Það verður tekið fyrir 10. sept., en senda þarf lögmanni viðbótargögn.
- Kjararáð sinni hlutverki sínu skv. 10. gr. laga nr. 47/2006 og úrskurði fyrir alla forstöðumenn í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa á launum í þjóðfélaginu. Ákveðið var að stað þess að bíða eftir úrskurði verði ráðinu sent bréf og rekið á eftir nýjum úrskurði fyrir alla félagsmenn FFR og vísað í nýfallin gerðardóm, línurit frá Steingrími Ara yfir

launaþróun og sanngirnisþjónarmið. Ef gerðar verða formkröfur um að hver og einn forstöðumaður sendi inn bréf þarf að útbúa bréf sem allir geti nýtt sér og bætt við vegna eigin mála. Þá leið væri einnig hægt að nota ef kjararáð úrskurðar mjög lága prósentuhækkun. Þetta verði kynnt á fundi með kjararáði 16. sept.

- Huga þarf að starfskjörum almennt og í víðara samhengi s.s. innbyrðis röðun hópsins, starfsmati, starfslokum, samræmi o.fl., lífi eftir forstöðumannsembætti o.fl.

Skoða þarf vel allar tímasetningar m.a. vegna samninga við SFR og félög innan BHM og etv. útbúa tímalínu vegna liðar 2. Einnig var ákveðið að starfskjaranefnd kalli eftir almennu yfirliti um launakjör forstöðumanna frá fjármálaráðuneytinu. BK og TA gera fyrstu drög að bréfi til kjararáðs og senda á hópinn.

4. Vinnuumhverfi forstöðumanna - verkefnislýsing vegna upplýsingaöflunar

Farið var yfir fyrstu drög að verkefnislýsingu vegna vinnuumhverfis forstöðumanna (sjá síðasta fund). Skilgreina þarf vel hvað félagið vill fá út úr þessari vinnu. Kanna þarf hvaða réttindum forstöðumenn hafi tapað á undanförunum árum s.s. árs uppsagnarfresti ef starf er lagt niður. Rætt var um að skoða þurfi lögfræðilegan vinkil á málinu og fá aðstoð frá Strategíu við það. KLÁ sendir drögin á hópinn. Einnig þarf að undurbúa umsókn í starfsmenntunarsjóð embættismanna sbr. síðasta fund

5. Samstarf við Félag mannauðsstjóra

Félag mannauðsstjóra hefur óskað eftir samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Ákveðið var að BK og IS hitti forsvarsmenn Fm í Þjóðarbóklöðunni 15. sept. n.k. kl. 15:00.

6. Umræður, næsti fundur

Rætt var um að útboð á vefsíðu félagsins myndi kosta mikla vinnu og ætti ekki við þar sem ekki er um að ræða opinbera stofnun heldur frjáls félagasamtök.

Ákveðið var að næsti fundur yrði haldinn miðvikudaginn 23. september. Formaður ákveður stund og stað.

Fundarritari, IS.

Verkefni sem leiða af fundinum

Verkefni	Úthlutað til Ábyrgð/pátttaka	Ljúka fyrir
Umsókn um styrk úr starfsmenntunarsjóði embættismanna	NN	Skoðað 23.09.15
Verkefnislýsing vegna upplýsingaöflunar um vinnuumhverfi	BK/KLÁ	23. 09. 2015
Gerð tillögu vegna endurskoðunar/reksturs vefsíðu	BK/ÁG	23. 09. 2015
Senda tengla á skjöl vegna endurskoðunar á starfsumhverfi	BK	23. 09. 2015
Drög að bréfi til Kjararáðs	BK/TA	16.09.2015